

Félagið er afsprengi norrænnar samvinnu

– Rætt við Atla Þór Ólason formann Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar en félagið verður fertugt á jólaföstunni

Í ÞESSU BLADI er boðað ráðstefnuhald í tilefni af aldarafræmli Jóns Steffensen læknis. Hann kom víða við á æviferli sínum og eitt af því sem hann tók sér fyrir hendur var að gangast fyrir stofnun Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar. Nú er það félag að verða fertugt og af því tilefni ræddi Læknablaðið við núverandi formann þess, Atla Þór Ólason bæklunar-lækni.

Atli upplýsti að afmælisdagur félagsins væri 18. desember en þann dag árið 1964 komu 47 karlar og ein kona saman til stofnfundar í húsakynnum Háskóla Íslands. „Nú eru konur í meirihluta í stjórn félagsins og þær segja að þetta hafi greinilega verið algert karlafélag. Það er ekki nóg með að karlar hafi verið í yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna heldur er félagið stofnað í miðjum jólaönnum en það hefði engri konu dottið í hug að gera,“ segir Atli og brosir.

Að öllu gamni slepptu má segja að félagið sé afsprengi norrænnar samvinnu og áhuga Læknafélags Reykjavíkur.

„Félagið var stofnað til að vera samstarfsaðili fyrir Íslands hönd við gerð Nordisk Medicinsk Årbog sem gefin var út í 1600 eintökum af læknasögufélögunum á Norðurlöndum. Hún kom fyrst út 1953 á vegum Læknaminjasafnsins í Stokkhólmi en um 1960 bættust læknasögufélögin í Danmörku, Noregi og Finnlandi í hópinn. Jón Steffensen var beðinn að taka þátt í þessu starfi árið 1962 og þá fór hann að huga að stofnun félags um sögu læknisfræðinnar eins og tíðkuðust á Norðurlöndum.

Hvatinn innanlands kemur hins vegar frá stjórn Læknafélags Reykjavíkur sem færði það í tal við Jón að stofna félag til eflingar áhuga á sögu læknisfræðinnar. Jón tók þessu tækifæri feginshendi og boðaði til stofnfundar. Þangað komu 48 manns, flestallt læknar en þó voru meðal stofnenda áhugamenn um sögu og menningu á borð við Kristján Eldjárn, Magnús Málárusson, Einar Ólaf Sveinsson og Jakob Benediktsson. Í fyrstu stjórn voru kosnir þeir Jón Steffensen formaður, Ólafur Bjarnason læknir og Birgir Einarsson apótekari,“ segir Atli.

Söfnun og varðveisla lækningaminja

Á stofnfundinum lýsti Jón Steffensen meðal annars hugsanlegum verkefnum félags af þessu tagi og segir Atli að sú stefnuýfirlýsing sé enn í fullu gildi, að því frátöldu að útgáfa áðurnefndrar árbókar lagðist af árið 1994. Í lögum félagsins segir að tilgangur félagsins sé „að efla þekkingu á sögu læknisfræðinnar með



Atli Þór Ólason formaður Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar.

hverjum þeim ráðum, er þjóna því sjónarmiði, s.s. með því að styðja rannsóknir á sögu læknisfræðinnar, útgáfu rita og varðveislu minja...“.

„Jón var formaður félagsins til dauðadags árið 1991 og hann var einnig aðalrannsakandinn, stundaði beinarannsóknir, rannsóknir á skjölum og hélt fyrirlestra innan og utan félags. Fleiri læknar stunduðu sögulegar rannsóknir og fjölluðu um þær á fræðslufundum. Félagið rækti þessar skyldur sínar nokkuð vel en eftir daga Jóns hafa þessar rannsóknir einkum verið í höndum sagnfræðinga, mannfræðinga og fornleifafraðinga. Erlendis eru starfræktar fjölmargar stofnanir sem sinna rannsóknum og kennslu í sögu læknisfræðinnar, í Þýskalandi einu eru þær á þriðja tug.

Varðveisla lækningaminja var eitt helsta verkefni félagsins og áhugamál Jóns. Fjölmargir munir söfnuðust og Jón kom því til leiðar að þessir munir voru afhentir Þjóðminjasafni til varðveislu. Stóri draumurinn var að Nesstofa yrði keypt og komið í upprunalegt form þar sem hægt yrði að hafa safn um sögu læknisfræðinnar og gekk það eftir. Jón lagði fram eigið fé til uppbyggingar Nesstofusafns og arfleiddi Læknafélag Íslands að allri peningaeign sinni sem skyldi varið óskiptri til framtíðarhúsnæðis safnsins. Byggingarnefnd nýrrar safnbyggingar starfaði ótullega um árabíl undir forystu formanna Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar, þeirra Gunnlaugs Snædal og Halldórs Baldurssonar, og eftir var til samkeppni um teikningar sem liggja fyrir. Hins vegar fékkst ekki viðbótarfé til framkvæmdarinnar frá ríkinu, meðal annars vegna fjárfrekra endurbóta Þjóðminjasafns og er því byggingarmálið í biðstöðu.

**Pröstur
Haraldsson**

Erfðafé Jóns var notað til að kaupa geymsluhúsnæði í Byggörðum í grennd við Nesstofu og Læknafélag Íslands lagði fram fé til endurbóta á því.“

Norrænt þing á næsta ári

Þótt norræna árbókin komi ekki lengur út hefur félagið verið virkt í norrænu samstarfi en á Norðurlöndum eru um 5000 skráðir félagsmenn í 25 læknasögufélögum.

„Félögin halda þing annað hvert ár og við höfum haldið það tvisvar, 1981 og 1995, og það verður eitt helsta verkefni félagsins á afmælisárinu að undirbúa og halda næsta norræna læknasöguþing í ágúst á næsta ári. Við fengum því framgengt að tungumál þingsins verður enska og að þingið verði auglýst utan Norðurlanda. Meginefni þingsins er sjúklingur og samfélag en þar verður fjallað um farsóttir á norðurlöndum, læknisfræði og alþýðuvísindi, konur í læknisfræði, læknisfræði víkingatímans og ýmislegt fleira. Síðast þegar þingið var haldið hér á landi voru þátttakendur um 100 og við eigum von á að þeir verði ekki færri núna.

Á læknasöguþinginu 1981 barst félaginu fyrirheit frá dönskum lyfjafræðingi, Poul Assens, um að hann kostaði árlega för fyrirlesara frá Norðurlöndum til Íslands til að halda fyrirlestur um sögu læknisfræðinnar. Poul starfrækti fyrirtækið Biopharma í Danmörku og það hefur haldið áfram að styrkja þessa fyrirlestra eftir að hann féll frá árið 1992. Poul var mikill vinur Egils Snorrasonar, læknis af íslenskum ættum sem starfaði í Danmörku og var meðal annars yfirlæknir Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Fyrirlestrarnir eru nefndir eftir Agli og nú í lok október var slíkur fyrirlestur haldinn í 23. sinn. Félagið er afar þakklátt fyrir þennan vináttuvott sem því er sýndur enda hafa fyrirlestrarnir lífgað mikið upp á starfsemi þess.

Auk þessa starfs hefur félagið unnið að því að kynna starfsemi sína meðal lækna og annars áhugafélks og það hefur borið þann árangur að nú eru félagsmenn um 130. Það blundar mikill áhugi á sögu meðal lækna enda speglar hún sjálfsvitund stéttarinnar. Aðrar stéttir á borð við sagnfræðinga, félagsfræðinga, mannfræðinga og fornleifafræðinga sýna sögu læknisfræðinnar aukinn áhuga og það gefur greininni og starfi félagsins nýja vídd,“ segir Atli Þór Ólason formaður.

Auk Atla skipa stjórn félagsins þau Vilhelmina Haraldsdóttir blóðsjúkdómafræðingur sem er ritari, Óttar Guðmundsson geðlæknir er gjaldkeri og meðstjórnendur þær Kristín Einarsdóttir lyfjafræðingur og Þórunn Guðmundsdóttir sagnfræðingur. Félagið heldur úti heimasíðu sem áhugamenn um lækningsögu ættu að gera að bókamerki í netvafranum sínum en veffangið er icemed.is/saga/

Ráðstefna til minningar um Jón Steffensen


DAGANA 18. og 19. febrúar 2005 verður haldin ráðstefna í minningu Jóns Steffensen prófessors en þann 15. þess mánaðar verða 100 ár liðin frá fæðingu hans. Ráðstefnan verður haldin í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöfðu og samhliða henni verður opnuð sýning á bókum, handritum og myndum úr safni Jóns og munum sem tengjast honum í eigu Þjóðminjasafns. Umsjón sýningarinnar er í höndum Emilíu Sigmarsdóttur.

Ráðstefnan á að endurspegla fjölbreytnina í viðfangsefnum Jóns. Í þeim tilgangi hefur verið leitað til fræðimanna úr ólíkum greinum um að flytja erindi á ráðstefnunni, lækna, mannfræðinga, fornleifafræðinga, sagnfræðinga og bókmenntafræðinga.

Ráðstefnan verður sett föstudaginn 18. febrúar. Þá mun Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður opna sýninguna, Hrafnkell Helgason fjallar um Jón, líf hans og störf og gestur ráðstefnunnar og aðalfyrirlesari, Andy Cliff, prófessor í landafræði við Cambridge háskóla, flytur erindi um efni að eigin vali. Cliff er kunnugur verkum Jóns og hefur meðal annars unnið að rannsóknum á mislingafaröldrum hér á landi. Um þær má lesa í bók hans *Spatial Diffusions: An historical geography of epidemic in an island community* (1981).

Á laugardegnum mun hver málstofan fylgja annarri þar sem fjallað verður um ýmis mál sem tengjast Jóni á einn eða annan hátt. Hannes Blöndal ræðir um kennslu við læknadeild Háskóla Íslands, einkum kennslu í líffærafræði en það var aðalfag Jóns, og Halldór Baldursson segir frá endurlífgun um 1800. Þá fjallar Kristinn Magnússon, sem lengi sá um Nesstofusafn, um störf Jóns í þágu söfnunar lækningaminja. Gavin Lucas fornleifafræðingur ætlar að fjalla um beinafundi í Skálholti í nýju samhengi en hann hefur unnið þar á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Jón Þorsteinsson læknir og Hildur Gestsdóttir hjá Fornleifastofnun segja frá rannsóknum þeirra á fornmeinafræði. Agnar Helgason mannfræðingur fjallar um DNA-rannsóknir á beinum og Birna Jónsdóttir um DNA-rannsóknir á múmíum. Svend Richter og Sigfús Þór Elíasson fjalla um rannsóknir á leifum tanna úr Skeljastaðafundinum. Fulltrúar húmanískra greina verða meðal annars Elín Hirst sagnfræðingur sem að undanfögnu hefur verið að skrifa um bólusótt og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur. Hann er höfundur bókarinnar *Ferðalok*, þar sem bein Jónasar Hallgrímssonar koma við sögu, en á ráðstefnunni fjallar hann um bein Jóns Arasonar. Fjöldi annarra fyrirlestra verður en dagskrá mun standa frá klukkan níu og fram eftir degi. Endanleg dagskrá verður kynnt síðar.

Að undirbúningi ráðstefnunnar hafa unnið Kristín Bragadóttir bókmenntafræðingur, Örn Bjarnason læknir og mannfræðingarnir Gísli Pálsson, Agnar Helgason og Sigurður Örn Guðbjörnsson.



Jón Steffensen. Teikning: Halldór Pétursson í Stúdentablaðinu 1938.